

Viðfangsefni Höskuldar Ottós eru líka dæmigerð fyrir alþýðuskáldið. Hann yrkir um heimahagana. Hann yrkir um Breiðdalinn, vorið, fjölskyldu sína, gamankvæði og vísur verða til við margs konar tækifæri. Þá eru nokkur erfiljóð í þessari bók og kvæði um hesta.

Mínna er um innihaldslaus kvæði um hina gráu daga og þá speki er færir mönnum skáldalaun á hitaveitusvæðinu.

Pessi litla bók hefur ýmsa kosti, þótt ef til hefði þetta orðið betri bók, ef höfundur hefði birt færri kvæði. Það er ekkert nýtt, en við lestur, þá er það eigi að síður fróðlegt að fá að kynna (ef til vill) öbbnum af lífsverki hagróðings, því, sem hann hefur haldið til haga, engan meidir, eða á erindi við æruna.

Þá má einnig geta þess, að á stöku stað, heldur Höskuldur áfram að yrkja, eftir að kvæðið er búið, og í sumum kvæðum má fækka erindum.

Sum kvæðin skera sig þó úr. Ef til vill er fyrsta kvæði þessarar bókar stefjafankar, dæmigert fyrir efnistösk Höskuldur, en það hljóðar svo:

„Enginn veit hvað þögnul þenkir né það hver bestar veigar skenkir. Enginn veit hvað þögnin þreytir þann sem öllu í söngva þreytir.

Veist þú mey hver ástar eldinn oftast hefur glætt á kveldin. Enginn veit hvar ýmsir rekka illt er suma menn að þekkja.

Enginn veit hvað aðrir vona. Enginn veit hvort nokkur kona hjá vandræða skáldi vildi rekka, vandi er suma menn að þekkja.

Enginn veit hvað þögnul þráir það veit enginn hvað hann dáir. Eða hvort hann boðorð brýtur og brúði sína fyrirliutur.

Enginn veit í annars huga enginn veit hver best kann duga. Ýmsir hljóta eitruð gæði enginn skilur þetta kvæði.“

Mörg fleiri dæmi mátti taka úr þessari bók, eða lífsverki í ljóði, þar sem slegið er á svipaða strengi og í þessu kvæði; og merkilegt er það, að eftir lestur bókarinnar, telur maður sig þekkja skáldið töluvert, sem er óvenjulegt þegar lesnar eru nýjar ljóðabækur á Íslandi.



Jónas Guðmundsson skrifar um bókmenntir:

ad augun eru notuð til annars en hátiðahalda.


**Snæfríður Íslandssól er til vitnis um það.** Hún hvílir í ramböldum, djúpt í sögunnar rökkri, en samt svo björt.

Þá er einnig athyglisvert, hvernig hann notar sér hjálparlínu, eða jaðr- teikningu. Hann ber þykk efni á og ristir teikninguna í lagið eins og múrlag, og þetta gefur sérstakan blá.

Hann sækir nú fong sín bæði til æskudaga og eins til efnafræðiaranna, þegar hann smíðaði myndir og vann við efnistilraunir, lökk og klistur.

Þó eru þetta ekki endurtekingar, heldur eru fyrri yrkiefni tekin til nýrrar endurskoðunar. Og ég held að það þurfi engar blóðrannsókni til að sanna að þessar myndir eru eftir Braga.

Yfirleitt eru farnbréf málverkasýninga dálítið út í hött, eða hafa oft verið það, en ef þetta eru ekki tilbrigði náttúrunnar og hátíð augnanna, þá hvað?



Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist:

# Gamanmál

Gamanmál 211

kímnisögur og kjarnyrði frá ýmsum heimshornum.

Jóhannes Helgi safnaði Kápa: Matthías Ólafsson 127 bls.

Gamanmál á bókum

■ Gamanmál. 211 kímnisögur heitir ný bók, er Arnartak hefur sent á markaðinn, og eru þá liðnir a.m.k. tveir áratugir síðan ráðist hefur verið í hliðstæða útgáfu hér á landi, en Gunnar á Selalæk, Sigurdsson, lögfræðingur og þingmaður gaf út 25 smábækur á árunum 1933-1961 undir heitinu Íslensk fundni.

Þótt sögur Gunnars á Selalæk, hafi flestar verið íslenskar, og hafi því á vissan hátt algjöra sérstöðu, sem slíkar, þá er það nú svo með gamansögur, eða skýrtlur, að þær fara milli landa, rétt eins og þjóðsögur og avintýri gjöra, enda sömu ættar.

En nú hefur loks verið gjörð önnur tilraun til útgáfu á safni af gamanmálum, eða kímnisögum og kjarnyrðum frá ýmsum löndum, og þar á meðal frá Íslandi, og flestar nýjar af nálíni.

Það eru ef til vill margir, sem álíta svona útgáfu ekki vera sérstakt menningarmál, og kann það rétt að vera. Yfir bókum vorum svifa yfirleitt sorgarský, þótt skemttisögur lífi enn ágætu lífi á vörum þjóðarinnar. Meira að segja er svo illa komið, að eina grínblað okkar, Spegillinn veslaðist upp, því ekki fannst réttur maður til að stjórna – og réttur maður til að teikna, eftir að blaðið hafði verið samviska þjóðarinnar svo áratugum skipti.

Er þetta sér í lagi bagalegt, þar sem háðið er, eða var, oft eina raunverulega aðhaldið í íslenskum stjórnmálum. Spegillinn var hér um bil það eina, sem stjórnmálamennirnir þurftu að óttast.

Þetta kann að vísu að vera ofsagt, en ef betur er að gáð, þá er gamansagan oft það eina er sameinar þjóðirnar, þegar á bjátar, og það eina sem ekki er unnt að troða niður með skriðdrekum, eða skjóta. Gamansagan er þannig bæði gaman og alvara. Og vist er um það, að þjóðum, er kunna að meta skopsögur, ferst yfirleitt betur með lýðræði, en þeim er helga sig alvöru nær alfarið.

## 211 kímnisögur

Safnið 211 kímnisögur er unnið úr íslenskum og erlendum afurðum og Abraham Lincoln, fyrrum Bandaríkjaforseti, kemur talsvert við sögu þessarar bókar, en eftir honum eru þessi ummæli höfð:




■ Jóhannes Helgi, rithöfundur og forstöðumaður Arnartaks.

„Faðir minn kenndi mér að vinna, og vinnan er nauðsyn og skylda. En ég hef orðið þess áskynja á langri ævi að kímnisagan flytur kjarna hvers máls með greiðustum hætti að hjarta hvers venjulegs manns.“

Lincoln var sem kunnugt er hádfugl hinn mesti og orðheppni hans dugði honum vel í stjórnmálunum, því sögur flugu með eldingarhraða, þótt eigi væri þá þeir fjölmiðlar er á vorum dögum halda uppi réttu alvöru og þungbærum tíðindum.

Í svona bók, eins og 211 kímnisögum, kennir auðvitað margra grasa, en sá sem ekkert finnur við sitt hæfi og stekkur ekki bros, er ekki hlátur mildur að eðlisfari. Svo mikið er vist.

Alveg sérstaklega vill maður líka fagna íslensku sögunum, því eftir að Íslensk fundni hætti að koma út, hefur enginn tekið að sér að skrá og safna íslenskum gamanmálum, svo ég viti.



Jónas Guðmundsson skrifar um bókmenntir:



■ Bragi Ásgeirsson, myndlistarmaður.

# Bikarúrslitin í dag

■ Klukkan 10 í dag hefst úrslitaleikur Bikarkeppi Bridgesambands Íslands í Leifsbúð á Hótel Loftleidum. Til úrslita keppa sveitir Jóns Hjaltasonar og Esterar Jakobsdóttur. Sveit Esterar, sem m.a. lagði sveit Karls Sigurhjártasonar á leiðinni í úrslitin, er skipuð þeim Erlu Sigurjónsdóttur, Höllu Bergþórsdóttur, Kristjönu Steingrímsdóttur, Guðmundi Péturssyni og Herði Blöndal auk Esterar. Í sveit Jóns Hjaltasonar spila auk hans Hörður Arnþórsson, Jón Ásbjörnsson og Símon Símonarson.

Eins og áður sagði verður leikurinn spilaður í Leifsbúð Hótel Loftleida. Síðan Bikarkeppnin hófst, 1977, hefur úrslitaleikurinn alltaf verið sýndur á sýningartöflu, en nú seinni árin hefur áhugi áhorfenda verið fremur daufur, auk þess að spilamennskan hefur viljað dragast á langinn. Nú verður taflan ekki notuð en aðstaða fyrir áhorfendur verður góð og vonandi að sem flestir mæti. Pessi leikur ætti líka að vera áhugaverður því þarna mætir besta kvennisveit landsins einni af bestu karlasveitunum.

## Frá Bridgefélagi Reykjavíkur

Síðasta miðvikudag byrjaði Hausttíðmenningur félagsins. Þátttaka var mjög góð eða 42 pör. Þörunum er skipt í 3 riðla og alls verða spilaðar 4 umferðir. Eftir fyrstu umferð er staða efstu para þessi:

1. Ásmundur Pálsson – Karl Sigurhjártarson 209 stig
2. Jón Ásbjörnsson – Símon Símonarson (Guðmundur Sv. Hermannsson – Jakob R. Möller) 191 stig
3. Hörður Arnþórsson – Jón Hjaltason 189 stig
4. Guðlaugur R. Jóhannsson – Örn Arnþórsson 185 stig
5. Guðmundur P. Arnarson – Þórarinn Sigþórsson 184 stig
6. Sigtryggur Sigurdsson – Svavar Björnsson 182 stig
7. Georg Sverrisson – Kristján Blöndal 180 stig
8. Oddur Hjaltason – Jón Hilmarsson 179 stig
9. Ármann J. Lárússon – Ragnar Björnsson 177 stig
10. Jón Baldursson – Sævar Þorbjörnsson 177 stig

## Árสปing Bridgesambands Íslands

Árสปing Bridgesambandsins 1982 verður haldið laugardaginn 23. október á Hótel Sögu. Dagskrá þingsins verður með venjulegum hætti og þar verður kjörið í stjórn fyrir næsta starfsár. Þessi Bridgesambandsþing hafa nú ekki verið rishá undanfarið, sérstaklega vegna þess að mæting þingfulltrúa hefur verið með afbrigðum léleg. Á síðasta þingi voru til dæmis aðeins fulltrúar frá 6 bridgefélögum en aðildarfélög sambandsins er 36. Það hefur stundum verið kvartað yfir að Bridgesambandið þjóni aðeins félögum á höfuðborgarsvæðinu og landsliðinu. Það er sjálfsgagt eitthvað til í þessari gagnrýni en á meðan höfuðborgarfélögin eru þau einu sem mæta á

árสปinginn er óhjákvæmilegt að þau ráði mestu um störf og stefnu Bridgesambandsins.

Bridgesambandsþing eiga einmitt að vera vettvangur skoðanaskipta, og heilbrigð gagnrýni er nauðsynleg til að Bridgesambandið geti starfað af einhverju viti. Þessvegna er mikilvægt að sem flest félög sendi fulltrúa á þingið svo Bidgesambandsstjórn fái betri yfirsýn yfir bridgestarfið úti á landi.

Þetta stendur nú vonandi allt til bóta og í ár hefur Bridgesambandsstjórnin ákveðið að styrkja ferð a.m.k. eins fulltrúa frá hverju svæði á þingið, það er vonandi að þetta verði til að auka áhuga bridgepilara á árสปinginu og jafnframt á störfum og vandamálum Bridgesambandsstjórnar.

Í framhaldi af þinginu ætlar Bridgesambandið að gangast fyrir keppnisstjórnarnámskeiði á Hótel Sögu sunnudaginn 24. október. Þar verður öllum frjáls þátttaka og vissulega hafa allir spilarar gott af að fá smá innsýn í keppnisstjórn. Þeir láta kannski betur að stjórn á eftir. Leiðbeinandi verður að sjálfsgöðu Agnar Jörgenson. Hann er okkar langbesti og reyndasti keppnisstjóri, og það má minna á að í janúar var hann fulltrúi Bridgesambandsins á keppnisstjórnarnámskeiði Evrópusambandsins. Það ætti því enginn að vera svikinn af námskeiðinu á Sögu.

## Heimsmeistaramótíð í Biarritz

Eins og ég sagði frá í síðasta þætti hefst Heimsmeistaramótíð í tvi-menning í dag í Biarritz í Frakklandi. Mótíð byrjar á keppi í blönduðum flokki, það er karl og kona spila saman, en síðan tekur opni flokkurinn við og keppi í honum stendur út næstu viku. Að tvi-menningnum loknum hefst Heimsmeistaramót sveita í útslátarkeppi. Reglurnar eru nokkuð flóknar en þar er sveitunum skipt í 3 riðla og þær 3 sveitir sem komast taplausar gegnum riðlana komast í úrslit auk einnar sveitar sem hefur tapað leik. Þessi keppi hefur verið haldin einu sinni áður og þá unnu Þólverjar.

Þegar þetta birtist verð ég vonandi á leiðinni á mótíð ásamt Jakob R. Möller, Hermann Lárússyni og Ólafi Lárússyni. Ég býst nú ekki við að við gerum stóra hluti; það má búast við að 500 pör taki þátt í mótinu svo það er óneitanlega við ofurefli að etja. Ég ætla samt að reyna að lofalesendum Tímans að fylgjst með hvað gerist helst markvert á mótinu og senda fréttir eins oft og ég get. Ég vona bara að máltækid sannist og allar fréttir verði góðar fréttir.

## Frá Bridgefélagi Hafnarfjarðar

Síðastliðinn mánudag var spilaður einskúldstvi-menningur með þátttöku 14 para. Úrslit urðu þessi:

1. Einar Sigurdsson – Dröfn Guðmundsdóttir 194 stig
2. Sævar Magnússon – Hörður B. Þórarinnsson 186 stig
3. Jón Sigurdsson – Sævaldur Magnússon 176 stig

## Guðmundur Sv. Hermannsson skrifar

